

L Ö G

78

15. apríl

um einkarétt ríkisstjórnarinnar til þess að flytja trjáplöntur til landsins,
og um eftirlit með innflutningi trjáfræs.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir ein heimild til þess að flytja til landsins hverskonar trjá-
plöntur, og tekur sú heimild einnig til plantna af öllum tegundum runna, nema
rósum. Ennfremur skal ríkisstjórnin taka að sér eftirlit með innflutningi á
trjáfræi.

2. gr.

Ríkisstjórnin felur skógrækt ríkisins að sjá um innkaup og innflutning er-
lendra trjáplantna, eftir því sem þörf krefur. Ríkisstjórnin felur einnig skógrækt
ríkisins eftirlit með innflutningi á trjáfræi.

3. gr.

Skógræktarstjóri, sem framkvæmdarstjóri skógræktarmálanna, sér um inn-
kaup, sölu og afhendingu erlendra trjáplantna. Plönturnar má selja bæði í heild-
sölu og smásölu, en öll álagning skal ákveðin af ríkisstjórn, eftir tillögum skóg-
ræktarstjóra.

4. gr.

Skógræktarstjóri skal leggja áherzlu á, að til landsins flytjist harðgerðar
plöntur, sem líklegar séu til þess að þola íslenskt veðurfar. Skal hann einnig gæta
þess, að heilbrigði plantnanna sé ekki ábótavant, svo framarlega, sem þess er
kostur.

Eftirlit með innflutningi á trjáfræi skal fólgið í því, að skógræktarstjóri
getur krafizt þeirra heilbrigðisvottorða, sem hann álitur nauðsynleg, með hverri
tegund trjáfræs.

5. gr.

Sá arður, sem kann að verða af sölu innfluttra trjáplantna, fellur til skóg-
ræktar ríkisins, og skal honum ráðstafað á sama hátt og því fé, sem skógrækt
ríkisins hefir í þarfir skógræktarmálanna.

78

15. apríl

6. gr.

Sá, sem gerist brotlegur við lög þessi, með því að flytja erlendar trjáplöntur til landsins, skal sæta sektum frá 10—500 krónum, og skal upphæðin metin eftir því, hvort viðkomandi flytur inn plöntur til eigin þarfa eða ætlar þær til sölu. Plönturnar skulu gerðar upptækar, og falla þær til skógræktar ríkisins.

Sá, sem brýtur 3. grein þessara laga, með því að selja trjáplöntur hærra verði en auglýst smásöluverð heimilar, skal sæta sektum frá 100—500 krónum.

Sá, sem flytur inn trjáfræ án nauðsynlegra heilbrigðisvottorða, sætir sektum frá 10—100 kr.

Sektarfé rennur í rikissjóð.

7. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 15. apríl 1935.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

79

16. apríl

L Ö G

um breyting nokkurra laga, sem varða sölu og meðferð íslenzkra afurða.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Allur kostnaður við störf fiskimálanefndar, sem skipuð er samkvæmt lögum nr. 76 29. des. 1934, þar með talin laun nefndarmanna, greiðist úr markaðs- og verðjöfnunarsjóði, sem myndaður er samkvæmt lögum nr. 75 29. desember 1934.

2. gr.

Allur kostnaður við störf mjólkursölunefndar, sem skipuð er samkvæmt lögum nr. 1 7. jan. 1935, þar með talin laun nefndarmanna, greiðist úr verðjöfnunarsjóðum, sem myndast samkvæmt þeim lögum.